



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2018  
Tilvísun: 201810-0020

**Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 157. mál.**

Vísað er til erindis dags. 25. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn um um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 157. mál.

Í umsögn sem Vinnueftirlitið sendi velferðarráðuneytinu um efni framangreinds frumvarps segir m.a.:

*„Með lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hefur notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) verið lögfest og lög nr. 59/2992 jafnframt fallið úr gildi. Þar sem ekki er lengur um bráðabirgðaverkefni að ræða þá getur Vinnueftirlitið ekki fallist á að framlengja frávík frá lágmarksreglum um vinnutíma vegna þess starfsfólks sem vinnur við að aðstoða notendur NPA.*

*Þær lágmarksreglur um vinnutíma sem eru að finna IX. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, voru settar til þess að stuðla að heilbrigði starfsmanna. Vinnueftirlitið getur ekki fallist á það að hægt sé að víkja frá lágmarksréttindum starfsmanna skv. lögum nr. 46/1980 nema fyrir því séu veigamikil rök, t.d. veigamiklir almannahagsmunir. Að mati Vinnueftirlitsins hefur ekki verið sýnt fram á slíkt.“*

Alþýðusambandið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Vinnueftirlitsins að aðstoðarfólk notenda NPA eigi ekki síður en annað launafólk að njóta verndar í starfi, þ.m.t. hvað varðar hvíld frá störfum og lengd vinnutíma.

Í ljósi framanritaðs og að höfðu samráði við Starfsgreinasamband Ísland leggur Alþýðusamband Íslands til að efni frumvarpsins verði hafnað.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2018

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð)**


BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (hér eftir vinnuverndarlögum) þar sem lagt er til að framlengd verði heimild til að semja um rýmri vinnutíma en ákvæði laganna gera ráð fyrir vegna þeirra sem veita notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Í upphafi er rétt að taka fram að bandalagið telur NPA vera mikilvægan áfanga í réttindabaráttu fatlaðra en umsögnin lýtur að stöðu þess starfsfólks sem veitir NPA.

Með lögum nr. 80/2015 var vinnuverndarlögum breytt og lögfest sérstök undanþáguheimild frá lágmarksreglum um hvíldartíma og næturvinnutíma þeirra starfsmanna sem veita einstaklingum þá aðstoð sem um ræðir. BSRB kom að undirbúningi frumvarpsins og studdi framgang þess á þeim tíma, enda stóð til að útfæra í kjölfarið framtíðarlausn til þess að hagsmunir starfsfólks innan NPA yrðu tryggðir. Á þeim tíma var NPA sérstakt bráðabirgðaverkefni og af þeim sökum var umrædd undanþáguheimild eingöngu hugsuð til bráðabirgða. Upphaflega átti hún að falla brott í árslok 2016 en var síðar framlengd til ársloka í ár, eða til þess tíma þegar lög um réttinn til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar myndu taka gildi.

Þann 1. október sl. tóku gildi lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir þar sem NPA var lögfest. Frá upphafi hafa BSRB og önnur hagsmunasamtök og stofnanir á vinnumarkaði ítrekað bent á mikilvægi þess að heildarúttekt fari fram á starfsaðstæðum og vinnuvernd starfsfólks innan NPA. Enn fremur hefur þess verið krafist að settar verði sérstakar reglur til að tryggja betur réttindi starfsmanna inna NPA, standi vilji stjórnvalda til þess að festa í sessi undanþágur vegna NPA. Þessum kröfum hefur að nær engu leyti verið svarað og nú stendur til að framlengja aftur bráðabirgðaákvæðið umdeilda til ársloka 2020.

Samkvæmt framansögðu leggst BSRB gegn framgangi frumvarpsins og leggur ríka áherslu á að undanþágan gangi ekki fram nema að samhliða verði tryggð réttindi þeirra sem sinna NPA.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 157 mál.**

Landssamtökin Proskahjálpar vinna að mannréttindamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun. Aðildarfélag að samtökunum eru rúmlega 20 með um 6000 félögum.

Samtökin vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi frumvarpið.

Breytingin er afar mikilvæg til að tryggja að við framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA), sem lögfest var með lögum um þjónustu við fatlað fólk með langavarandi stuðningsþarfir, sé fylgt hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf byggist á því að notandinn, fatlaður einstaklingur sem þarf aðstoð, er sjálfur stjórnandi í eigin lífi. Til þess þarf að hafa víðtækar heimildir til að semja við starfsmenn um vinnufyrirkomulag sem hentar út frá einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins.

Reynslan hefur sýnt bæði héraendis og erlendis að við framkvæmd NPA hentar oft bæði notandanum og starfsmanninum að hafa svokallaðar sólahringsvaktir þar sem boðið er upp á hvíld og aðstöðu fyrir starfsmenn og svokallaðar sofandi næturvaktir þar sem starfsmaður er til taks. Þessi ráðstöfun er til hagsbóta fyrir báða aðila og til þess fallin að auka lífsgæði fatlaðs fólks og stuðla að nýsköpun á vinnumarkaði.

Með vísan til þess sem að framan er rakið hvetja Landssamtökin Proskahjálpar Alþingi eindregið til að samþykkja frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtakanna Proskahjálpar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri

Umsögn er varðar:  
Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum

(vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð)

157. mál, lagafrumvarp RSS þjónusta  
149. löggjafarþing 2018–2019.

Við biðjum nefndarmenn að hafa í huga sérstöðu þessa starfs sem starfsmaður í NPA hefur. Samkomulag aðila um vinnutíma er forsenda þess að vel takist til. Vaktaskipti 4 sinnum á sólahring er hvorki heppilegt fyrir þann sem þarf aðstoð eða þann sem hana veitir. Hvað þá ef blandað er inni umræðuna styttingu vinnuvikunar svo jafnvel væru örari skipti en það sem nú er rætt um.

Svona vinna hentar jafnt skólafólki sem fjölskyldufólki.

Dæmi:

Ég vinn 2 sinnum 24 tíma á viku = 48 tímar

36 tímar í dagvinnu

12 í yfirvinnu

(Mjög einfaldað)

Ég hef þá 5 daga í vikunni heima með fjölskyldunni eða til að læra og hef þó skilað meira en viku vinnuskyldu þessa daga.

Eitt hentar ekki öllum. Vinnutími hentar misjafnlega. Ein tegund aðstoðar er langt frá því að hennta öllum. Hér verður aldrei nema um örfá tilvik að ræða og oft ekki nema til skamms tíma.

Með vinsemd og hvatningu til að leysa málið fljótt og vel.

Fh. MND félagsins

Guðjón Sigurðsson



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2018

**Umsögn NPA miðstöðvarinnar svf. um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 157. mál.**

NPA miðstöðinni hefur borist til umsagnar frumvarp félags- og jafnréttismálaráðherra um breytingu á lögum nr. 56/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum (vinnutíma starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð). Frumvarpið treystir í sessi það vinnufyrirkomulag sem hefur verið við lýði hjá aðstoðarfólki á innleiðingartímabili notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) um rými vinnutíma og sofandi vaktir.

NPA miðstöðin leggur mikla áherslu á að frumvarpið verði samþykkt, en vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

**Víðtækari breyting**

Eins og rakið er í frumvarpinu náði nefnt bráðabirgðákvæði nr. 9 í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum aðeins til aðstoðarfólks í notendastýrðri persónulegri aðstoð. Titill frumvarpsins ber þess þá með sér að tilefni þess sé að lögfesta frávik frá almennum ákvæðum um vinnutíma hjá starfsmönnum sem veita notendastýrða persónulega aðstoð. Ákvæði frumvarpsins bera það þó með sér að breytingin nái til allra starfsmanna sem starfa skv. lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, hvort sem þeir séu ráðnir til að veita notendastýrða persónulega aðstoð eða aðra þjónustu skv. lögnum. Þetta þýðir með öðrum orðum að breytingin nái til mun víðtækari hóps starfsmanna sem veita þjónustu á grundvelli laganna.

Þetta er breyting sem NPA miðstöðin hefur ekki kallað eftir og er ekki nauðsynleg fyrir NPA notendur.

**Lögfesting á samningsheimild**

Rétt er að halda því til haga að nefnt bráðabirgðákvæði veitir samtökum aðila vinnumarkaðarins heimild til að semja um að víkja frá ákvæðum 53. og 56. gr. um hvíldartíma og næturvinnutíma. Hér er því ekki um lagaskyldu að ræða. Þessi frávik eða undanþágur beinast fyrst og fremst að því sem nefnt hefur verið hvíldarvaktir að nóttu, en þær felast í því að aðstoðarmaður sefur t.d. á heimili NPA notanda í þar til gerðri starfsmannaaðstöðu, en getur þurft að vakna til að aðstoða NPA notandann yfir nóttina. Hvíldarvakt er því einskonar bakvakt, en krefst þess að aðstoðarmaður dvelji á staðnum hjá NPA notanda.

NPA miðstöðin, sem er NPA umsýsluaðili og vinnuveitandi aðstoðarfólks, hafði frumkvæði að því að semja við stéttarfélagin Eflingu og Starfsgreinasambandið um hvíldarvaktir að nóttu og núverandi NPA sérkjarasamningur NPA miðstöðvarinnar og Eflingar/SGS hefur gilt frá árinu 2015 og gildir til 31. desember 2018. Í framhaldi af því gerði SM starfsmannamiðlun, einnig NPA umsýsluaðili, samskonar samning. NPA miðstöðinni er ekki kunnugt um að aðrir aðilar hafi gert samning um hvíldarvaktir við stéttarfélög. Minnihluti NPA notenda var hjá NPA miðstöðinni á meðan það sem kallað hefur verið tilraunaverkefni um NPA var í gangi. Í dag eru rúmlega 20 NPA notendur hjá NPA miðstöðinni, en heildarfjöldi NPA notenda um þessar mundir er um það bil 70 og fer vaxandi. NPA miðstöðin hefur jafnframt ekki upplýsingar um hvort og hvernig NPA notendur, sem ekki eru hjá NPA miðstöðinni, hafa skipulagt störf aðstoðarfólks síns, þ.m.t. hvíldarvaktir. Í raun hefur vinna við að þróa, útfæra og semja um fyrirkomulag og reglur fyrir hvíldarvaktir verið að skorum skammti. NPA miðstöðin lítur svo á að það sé einmitt verkefnið framundan.

### **Starfsumhverfi NPA aðstoðarfólks**

Það er eðlilegt að stéttarfélög og Vinnueftirlitið gæti hagsmuna starfsmanna á vinnumarkaði. Hins vegar mótmælir NPA miðstöðin því ef lög, reglur og kjarasamningar vinnumarkaðarins koma í veg fyrir að hægt sé að innleiða mannréttindasamninga, eins og Samning SP um réttindi fatlaðs fólks.

Eðli starfs NPA aðstoðarmanna er með þeim hætti að unnt er að tryggja því sveigjanlegan vinnutíma og lengri vaktir með hvíldartíma innan vakta. Þannig hefur til að mynda verið hægt að skipuleggja sólarhringsvaktir, að hámarki tvær samliggjandi sólarhringsvaktir, að þeim skilyrðum uppfylltum að starfsmaður nái nauðsynlegri samfelldri hvíld á meðan vakt stendur auk þess að fá tíma til þess að taka pásur og matarhlé. Þetta fyrirkomulag gerir NPA notendum sem þurfa aðstoð allan sólarhringinn kleift að hafa færri vaktaskipti. Þannig er NPA notandinn ekki eins bundinn af vaktaskiptum aðstoðarfólks, sem aftur gerir honum kleift að lifa meira sjálfstæðu lífi. Að mati NPA miðstöðvarinnar hefur þessu fyrirkomulagi verið vel tekið af NPA notendum sem og aðstoðarfólki og reynst vel í framkvæmd, a.m.k. hjá starfsfólki innan miðstöðvarinnar.

Í ljósi andstöðu Vinnueftirlitsins og heildarsamtaka stéttarféлага við frumvarpið telur NPA miðstöðin rétt að nefna að engin könnun eða úttekt hefur verið gerð af hálfu þessara aðila til þess að kanna viðhorf aðstoðarfólks til þessa sérstaka fyrirkomulags um sólarhringsvaktir og hvíldarvaktir eða um árangur og áhrif þessarar undanþágu. Í skýrslu sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands árið 2016 fyrir Velferðarráðuneytið var meðal annars gerð könnun á viðhorfi NPA aðstoðarfólks til starfa sinna og starfsumhverfis. Niðurstöður þeirrar könnunar eru fyrir margra hluta sakir áhugaverðar, en NPA miðstöðin vill vekja athygli á tilteknum þáttum í könnuninni sem skipta máli varðandi það frumvarp sem umsögnin vísar til. Samkvæmt könnuninni voru alls 77% NPA aðstoðarfólks mjög ánægt eða frekar ánægt með vinnutíma sinn, þ.e. hvenær dags það starfaði. Alls töldu 94% NPA aðstoðarfólks verkefnin sem það sinnir í starfi sínu vera mikilvæg. Alls kváðu 97% NPA aðstoðarfólks samskipti sín við NPA notandann alltaf eða oftast vera góð. Alls töldu 71% NPA aðstoðarfólks vinnu sína gefa þeim tækifæri til þess að læra nýja hluti og þróa sig í starfi. Í könnuninni kom fram að einhverjir aðstoðarmenn töldu álagið vera mikið í vinnunni, en þrátt fyrir það nefndu aðeins 27% aðspurðra að þeir hefðu oft eða alltaf of mikið að gera í vinnunni.

Í könnuninni nefnir NPA aðstoðarfólk sveigjanlegan vinnutíma sérstaklega sem kost við það að starfa sem persónulegur aðstoðarmaður. Nokkuð áberandi er þó að NPA aðstoðarfólk nefnir skort á fræðslu innan NPA sem helsta gallann á starfinu og eigi það bæði við um fræðslu til NPA notenda um verkstjórn og vinnulag sem og fræðslu til NPA aðstoðarfólks um hugmyndafræði, líkamsbeitingu o.fl. Hafi skortur á þessari fræðslu leitt til samskiptaerfiðleika og árekstra í vinnu, sem aftur leiði til álags. NPA miðstöðin tekur undir mikilvægi þess að vel sé staðið að þjálfun NPA notenda sem verkstjórnendur og að aðstoðarfólk í NPA fái einnig nauðsynlega leiðsögn og þjálfun varðandi starfið. Með nýrri reglugerð og handbók um NPA, sem vænta má að gefin verða út af Velferðarráðuneytinu innan tíðar, verða lagðar ríkari kröfur á NPA notendur, umsýsluaðila og aðstoðarfólk að sækja fræðslu og námskeið um margvíslega þætti sem snúa að framkvæmd NPA. Aðkoma og þátttaka stéttarféлага og Vinnueftirlitsins að mótun slíkra námskeiða gæti þar skipt miklu máli um hvernig áframhaldandi innleiðing á NPA, þar með talið sólarhringsvöktum og hvíldarvöktum, gangi eftir. Á þessu hefur verið mikill skortur á innleiðingartímabili NPA.

### **Nefnd um eftirlit með framkvæmd ákvæðisins**

Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að samhliða því að frumvarpið verði að lögum skipi ráðherra tímabundna nefnd undir forystu Velferðarráðuneytisins með fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Landssamtökunum Proskahjálp, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Vinnueftirliti ríkisins og Öryrkjabandalagi Íslands. NPA miðstöðin óskar eftir að fá fulltrúa í nefndina enda má rekja tilvist hvíldarvakta til framkvæðis miðstöðvarinnar og þar er góður aðgangur að þekkingu og reynslu bæði NPA notenda og aðstoðarfólks af hvíldarvöktum.

### **Mikilvægi aukinnar fræðslu**

Stór hluti af því að innleiða gæði og góða NPA þjónustu, séð frá sjónarhorni hinna ýmsu hagsmunaaðila, er fræðsla og ráðgjöf varðandi hina ýmsu þætti NPA. Þetta hefur ekki verið í fullnægjandi farvegi, en mun standa til bóta skv. upplýsingum Velferðarráðuneytisins með útgáfu reglugerðar og handbókar um NPA. Í Noregi og Svíþjóð hafa aðilar gert sér grein fyrir þessu og leggja þunga áherslu á þennan þátt áður en og þegar nýr NPA notandi hefur

sína notendastýrðu persónulegu aðstoð. NPA miðstöðin ítrekar áherslu á samvinnu hagsmunaaðila að mótun fræðslu um framkvæmd NPA fyrir alla þátttakendur þjónustunnar á öllum stigum.

Fh. NPA miðstöðvarinnar svf.

  
Hjörtur Örn Eysteinnsson  
Skrifstofustjóri

**Rúnar Björn Herrera Þorkelsson**

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson  
Formaður stjórnar

## **Til velferðarnefndar Alþingis**

Meðf. er umsögn sem sambandið tók saman vegna framlengingar sérstakra vinnuverndarákvæða (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð).

Sambandið styður eindregið að frumvarpið verði afgreitt.

Með kveðju f.h. sambandsins,  
Tryggvi Þórhallsson lögfr.





## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Velferðarráðuneytið  
b.t. skrifstofu líffskjara og vinnumarkaðar  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík 14. september 2018

1809026SA TP  
Málalykill: 00.64

### Efni: Framlenging sérstakra vinnuverndarákvæða vegna NPA

Vísað er frumvarpsdraga um ofangreint efni sem kynnt voru á samráðsgátt stjórnvalda þann 29. ágúst sl. (mál nr. S-112/2018). Vegna anna við önnur málefni náðist ekki að senda inn umsögn sambandsins um frumvarpsdrögin innan þess tíma sem tilgreindur var. Sambandið vill engu að síður gera ráðuneytinu grein fyrir afstöðu sinni til málsins og reiknar jafnframt með því að velferðarnefnd Alþingis muni afla umsagna um málið með tíðkanlegum hætti verði frumvarpið lagt fram.

#### Almennt

Sérstök vinnuverndarákvæði vegna framkvæmdar notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) voru fyrst lögfest vorið 2015 á grundvelli frumvarps sem lagt var fram haustið 2014. Í umsögn sem sambandið sendi velferðarnefnd þingsins um frumvarpið, dags. 21. febrúar 2015, kom fram að sambandið væri sammála þeirri útfærslu að inn í vinnuverndarlög yrði tekið sérstakt tímabundið ákvæði til þess að auka sveigjanleika hvað varðar vinnufyrirkomulag þeirra starfsmanna sem ráðnir eru til þess að veita aðstoð á formi NPA. Þá lýsti sambandið yfir stuðningi við framlengingu sem átti sér stað með lagabreytingu í lok síðasta árs. Þar sem NPA verður að lögmæltu þjónustuformi þann 1. október n.k. falla hin sérstöku vinnuverndarákvæði samhliða úr gildi.

Eins og áður lýsir sambandið yfir fullum stuðningi við að sérstök tímabundin ákvæði um vinnuvernd vegna NPA gildi áfram og til 31. desember 2021 eins og fyrirbyggjandi frumvarpsdrög gera ráð fyrir. Afstaða sambandsins mótast fyrst og fremst af því sjónarmiði að setja þurfi áreiðanlegan regluramma um innleiðingu NPA hér á landi. Þrátt fyrir að NPA verði nú að lögmæltu þjónustuformi mun innleiðing þess standa yfir til og með árinu 2022. Á því tímabili verður áfram aflað margvíslegrar reynslu af framkvæmd og fyrirkomulagi þjónustunnar. Í raun má því segja að reynsluverkefni um NPA verði áfram í gildi um komandi ár enda þótt þjónustuformið sem slíkt hafi nú fengið fasta stoð í lögum.

Sambandið telur að á þessu áframhaldandi innleiðingartímabili þurfi - eins og hingað til - að horfa til sérstöðu þessa þjónustuforms hvað varðar stöðu aðstoðarmanna. Í vinnu við gerð reglugerðar um NPA hefur sambandið tekið undir með Vinnueftirliti ríkisins og stéttarfélagum að treysta beri réttarstöðu starfsfólks í NPA, girða fyrir gerviverktöku og setja skýrar skorður við því að notandi, í krafti nálægðar, geti gengið á réttindi starfsmanna skv. lögum og kjarasamningum.

Á hinn bóginn tekur sambandið ekki undir þær miklu áhyggjur sem vinnueftirlit og stéttarfélag hafa af þýðingu þess að gefa afslátt af vinnuverndarákvæðum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Telja verður að sá sveigjanleiki sem lagt er til að áfram verði fyrir hendi á innleiðingartímabilinu sé notanda afar mikilvægur án þess að um verulega



Íþyngjandi frávik sé að ræða fyrir starfsmenn. Vakin er athygli á því að ef ekki er gert ráð fyrir sveigjanleika geti það aukið líkur á að NPA verði að einhverju leyti að „svartri atvinnustarfsemi“ þar sem framkvæmdin fer á svig við efni þeirra skriflegu samninga sem gerðir eru.

#### **Samantekt**

Sambandið styður eindregið að frumvarp verði lagt fram um tímabundna framlengingu á sérstökum vinnuverndarákvæðum vegna NPA. Sú framlenging er mikilvæg til þess að afla megi áreiðanlegrar reynslu af framkvæmd þjónustunnar á innleiðingartímabilinu sem áformað er standi til og með ársins 2022.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Nefndasvið  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13.11.2018  
Tilvísun: 201811-0064/0.03.02

## Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 157. mál

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 157. mál., sem barst í tölvupósti, dags. 30. október 2018.

Ákvæði frumvarpsins gera m.a. ráð fyrir að gildistími ákvæðis til bráðabirgða 9 í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggis á vinnustöðum, með síðari breytingum, verði framlengdur um tvö ár eða til 31. desember 2020. Bráðabirgðarákvæðið heimilar frávik frá ákvæðum 53. og 56. gr. laga nr. 46/1980 um hvíldartíma og næturvinnutíma þeirra starfsmanna sem veita einstaklingum þjónustu á grundvelli samstarfsverkefnis ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks um notendastýrða persónulega aðstoð samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Með lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hefur notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) verið lögfest og lög nr. 59/2992 jafnframt fallið úr gildi. Þar sem ekki er lengur um bráðabirgðarverkefni að ræða þá getur Vinnueftirlitið ekki fallist á að framlengja frávik frá lágmarksreglum um vinnutíma vegna þess starfsfólks sem vinnur við að aðstoða notendur NPA.

Þær lágmarkreglur um vinnutíma sem eru að finna IX. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, voru settar til þess að stuðla að heilbrigði starfsmanna. Vinnueftirlitið getur ekki fallist á það að hægt sé að víkja frá lágmarksréttindum starfsmanna skv. lögum nr. 46/1980 nema fyrir því séu veigamikil rök, t.d. veigamiklir almannahagsmunir. Að mati Vinnueftirlitsins hefur ekki verið sýnt fram á slíkt.

Virðingarfyllt,  
f.h. Vinnueftirlitsins

---

Pórunn Sveinsdóttir

---

Björn Þór Rögnvaldsson

